



CQ TF



5. tölublað 16. árgangur desember 1998

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og upgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíóþróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1998-1999 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varaformaður:

Heimir S. Jónsson TF3TXT

Ritari:

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VST

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

Spjaldskrárritari:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK

Varamaður:



Force 12 loftnetið komið á nýjan stað eftir að Olgu-staurarnir voru teknir niður. Myndina tók TF3TXT

Meðal efnis í þessu blaði:

Þannig byrjaði það	2
Fundargerðir stjórnarfundna	6
NorCal 38 Special	7
Ræðan sem aldrei var flutt	10
Frá formanni	11
The G3RJV Six Pack	13
Dagsetningar nokkurra contesta	14
Úr Ýmsum áttum	15

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Próttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

Þannig byrjaði það

Fyrir nokkrum mánuðum bárust mér í hendur nokkur hefti úr gömlum árgöngum af Útvarpstíðindum, nánar tiltekið frá árunum 1946 og 1947. Í tölublaði nr. 15 frá árinu 1946 segir frá stofnun, Félags radióamatöra, þar sem segir: að þá “fyrir nokkru” (en þessi dagur, “fyrir nokkru”, mun hafa verið 14 ágúst.) Stofnfundurinn mun hafa verið haldinn í Oddfellowhúsinu og þar mættu um 140 manns. Og var þar húsfullir, þannig að opna varð í aðra sali. Skírteini voru gefin út á nafn og ég hef frétt af einu nr. 147.

Á þessum fundi var fyrsti formaður kosinn og var það Einar Pálsson, en hann fékk síðar leyfi radióamatöra nr. 1.

Í viðtali við Einar sem tekið var og kom í blaðinu (Útvarpstíðindi nr. 15, 1946) segir hann: “Það var fyrir tilraunir amatöranna að kostir stuttbylgna urðu svo fljótt þekktir og nú er svo komið að bylgjusvið þeirra eru mjög takmörkuð, því vísindamennirnir hafa tekið rannsóknirnar að sér, en tími radióamatöra er þó ekki liðinn, því enn eru óleystar gátur og vilji áhugamanna má sín ekki mikils.

Stórþjóðirnar eru þakklátar radióamatörum og viðurkenna gildi vináttu þeirra og samstarfs sem áhugamennirnir tengjast vegna hins sameiginlega áhuga þeirra, þar sem ekki komast að stjórn mála-skodanir eða annað, sem spillir friði.”

Ennfremur segir í sama tölublaði: “Starfsemi radióamatöra hér á landi má rekja aftur til ársins 1913, er þeir Friðbjörn Aðalsteinsson, skrifstofustjóri og Þorsteinn Gíslason, stöðvarstjóri á Seyðisfirði, hófu tilraunir með radiósenditæki og móttökutæki austur á Seyðisfirði.”

Öflun radióefnis á þessum tíma var allmiklum erfiðleikum bundin og t.d. þurftu þeir Þorsteinn og Friðbjörn að smíða háspennukeflið sem þeir notuðu í þennan fyrst neistasendi sinn, sjálfir. Eftirvafið var búið til í kjallaranum heima hjá Þorsteini og var það gert með því að draga nokkuð sveran vír í gegnum e.k. trektar sem mjókkudu vírinn þar til hann var hæfilega mjór og síðan var hann lakkaður í höndunum.

Í þessu sambandi má vitanlega leiða getum að því að eftir fyrri heimsstyrjöldina hafi margir ungir menn reynt við þessa nýju tækni og má í því sambandi geta hins stórskemmtilega QSL korts TF3AC þar sem hann, þá aðeins tveggja ára situr fyrir framan radiótæki sem faðir hans Einar hafði smíðað, ásamt Ottó B. Arnar, síðar forstjóra Philips á Íslandi. En mynd þessi var notuð lengi sem Bíó-auglýsing í Gamla Bíó. Því miður hefur Guðjón engar frekari upplýsingar um myndina en hún komst í hans eigu efir lát föður hans. Einar var alla tíð mjög áhugasamur um þessa tækni en varð aldrei radióamatör.

Í niðurlagi greinarinnar segir: “Hin öra þróun á sviði radiótækninnar opnar atvinnumöguleika fyrir marga áhugasama unglinga, en eins og sakir standa verða þeir að afla sér menntunar erlendis, eða hjá þeim ríkisstofnunum sem sjá um rekstur á þessu sviði, en þeim er þó svo þröngur stakkur sniðinn að aðeins takmarkaður fjöldi manna kemst þar að. Hinir ungu menn sem fá áhuga á radiótækni en eru ekki svo heppnir að komast að hjá hinu opinbera, verða því að hjálpa sér sjálfir, því enginn má ætla það að hægt sé að takmarka fjölda manna sem fá áhuga á radiótækni. Íslenskir radióamatörar hafa það á stefnuskrá sinni að efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands sem utan og ennfremur að auka þekkingu félagsmanna á radiótækni og radióviðskiptum.”

Sem fyrr segir var húsfullir á stofnfundinum og gefur það Einari tilefni til þess að skrifa um “æskulýðshöll þar sem ungir menn geti komið og sótt sér fróðleik um radiótækni. Og þar sem þjóðin geti séð á eftir ungmennum sínum til þess að fá þar fræðslu”. Þarna geti félagið lagt sitt að mörkum fyrir samfélagið.

Ekki var staðar numið við framtíðarsjón og drauma heldur tók Einar að sér að skrifa ýmsar fræðandi greinar fyrir félagsmenn, t.d. um Q-ið og þannig leggur Einar þetta fyrir: “Gott kvöld gamli skröggur merki þín eru sámilega læsileg, meðalsterk en ágætur tónn. Í kvöld heyrðust bandarískar amatörstöðvar ágætlega. Sendirinn minn er kristalstyrður sveifluvaki með magnara. Orka er 10 wött. Loftnetið er hálfbylgulengi spennufætt. Vinsamlegast segðu mér hvernig þú heyrir í mér.”

Og á amatöramáli: “GE OM UR SIGS ARE 459 SUM QRM TO NITE COND FB HRD W ST MI WMTRCOPA 10 W PWR ANT IS ½ WL QRK PSE.”

Og dx hornið er þarna á sínum stað og í fréttum frá OZ-landi segir að þarlendir amatörar hafi átt í löngum og ströngum samningum um tíðnisvið og nú hafi þeir fengið afnot af 20 metra bandinu en ekkert af 80 og mobil á 5 metra bandinu. Og það má nota færanlegan sendi fyrir refaveiðar.

Ekki hafði verið sett reglugerð fyrir radióamatöra hér á landi og allar radiósendingar því bannaðar og félagið sendi frá sér viðvörun þar sem segir að allir þeir sem fari í loftið án leyfis verði kærðir. Og þess vegna er ákveðið að ekki skuli settar neinar smíðalýsingar á sendum í blaðið.

Erlend tækniblöð eru þó fáanleg í bókabúðum og hvetur blaðið menn að lesa þau og afla sér þannig upplýsinga sem geti komið að notum og að menn deili þeirri kunnáttu meðal félaga.

Og í aprílhefti Útvarpstíðinda er þetta: “Samkvæmt 4 gr. reglugerðar dags. 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, er hér með settar eftirfarandi reglur um radió-leyfi áhuga-manna:”

1.gr. Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radióstöð áhugamanna skal senda Póst og símamálastjórninni og skal taka fram fæðingardag, heimilisfang með upplýsingum um menntun ásamt vottorðum um próf sbr. 4.gr. hér á eftir.

2.gr. Umsækjandi um radióleyfi skal:

1. vera íslenskur ríkisborgari.
2. vera fullra 16 ára.
3. vera skráður útvarpsnotandi.
4. hafa lokið prófi sbr. 3.gr. er Póst og símamála-stjórnin tekur gilt.
5. vera félagi í Félagi íslenskra radióamatöra.

3.gr. Radióleyfi áhugamanna greinast þannig:

1. Hlustunarleyfi, þ.e. leyfi til að hlusta á radióviðskipti áhugamanna.
2. Morse-leyfi, þ.e. leyfi til að hafa morseviðskipti við aðra áhugamenn.
3. Tal-leyfi, þ.e. leyfi til að hafa talviðskipti við aðra áhugamenn.
4. Smíðaleyfi, þ.e. leyfi til að setja saman og setja upp til eigin afnota radióviðtæki og

senditæki og loftnet til viðskipta við aðra áhugamenn. Í þessum reglum er aðeins átt við áhugamenn er hafa leyfisbréf.

4.gr. Prófkröfur eru þessar:

1. Fyrir hlustunarleyfi þarf ekkert próf.

a: Fyrir morse leyfi þarf próf a) í helstu atriðum í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varð-

b) í raffræði og radiótækni (Bóklega verður krafist svipaðrar þekkingar og felst t.d. í hinum amerísku radióhandbókum fyrir áhugamenn). Verklega verður krafist leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o.þ.l. Loftskyeitamenn og útvarpsvirkjar þurfa ekki að taka próf í því er þeir hafa tekið fullnægjandi próf í áður, að viðstöddum prófdómara frá Póst- og símamálastjórninni. Þannig geta loftskyeitamenn fengið morseleyfi og talleyfi án prófs en þurfa fyrir smíðaleyfi viðbótarpróf í radiótækni og reglugerð um raforkuvirki. Útvarps-virkjar þurfa próf í lögum og reglum og í sendi-tækni, áður en þeir geta fengið tal-leyfi, auk þess morse-próf fyrir morse-leyfi. Fyrir smíðaleyfi þurfa útvarpsvirkjar viðbótarpróf í senditækni. Rafmagnverkfræðingum og símfraðingum er hægt að veita tal og smíðaleyfi án prófs en þeir þurfa morse-próf fyrir morse-leyfi.

5.gr. Áhugamenn mega aðeins afla sér tækja sinna og radióefnis til þeirra með milligöngu félags síns, en það snýr sér svo til Póst og símamála-stjórnarinnar með beiðni um útvegum þess. Þeir mega ekki selja eða afhenda það öðrum án skriflegrar heimildar Póst og símamála-stjórnarinnar.

6.gr.

1. Sendirinn skal vera eins stöðugur á öldutíðninni og eins laus við aukasveiflur og alþjóðareglur mæla um. Á öldutíðnum undir 30mrið/s má eingöngu nota plötuorku úr rakstraum með sem allra minnstum gárum og notkun A2 (tíðnimótun) er bönnuð.

2. Uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radióstöðvar og raforkuvirki. Áður en vélar eða tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið skulu þau skoðuð af eftirlits-mönnum frá Póst og símamálastjórninni og frá Rafmagnseftirliti Ríkisins. Fyrir skoðun hins síðarnefnda skal greiða kr 20.00 í hvert sinn, en skoðun hins fyrrnefnda telst falin í leyfisgjaldi. Slík skoðun verður og að fara fram, hvenær sem breytt

er um gerð tækjanna eða hlutum í því, ef það getur haft nokkur áhrif á öryggi eða truflanahættu, eða aðra eiginleika tækisins frá því er getið er um í skýrslu skoðunarmanna.

3. Rakstraumsorkan á plötuna á síðasta mögnunarstigi má ekki vera meiri en 50 wött.

4. Á stöðinni skal vera til nákvæmur öldutíðni-mælir, sem er réttur á þeim öldutíðnum sem sendirinn notar. Ef sendirinn er ekki krystalstýrður, verður stöðin einnig að hafa nægilega góðan bylgjumæli með sveifluka sem er aðskilinn frá sjálfum sendinum.

5. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum, innlendum og alþjóðlegum sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendisins. Notkun sendisins á að fara fram eftir föstum reglum.

6. Stöðinni er úthlutað kallmerki sem byrjar á TF Kallmerkið skal nota reglulega, alltaf þegar sent er og við lengri sendingar skal nota það með stuttu millibili.

7. Sendirinn er leyfður fyrir morse, tal eða hvort tveggja.

8. Sending má aðeins fara fram á þeim öldutíðnum sem ákveðnar eru í leyfisbréfinu. Tíðnir stöðvanna verða fyrst um sinn ákveðnar innan eftirfarandi:

14020-14380 kíloríð/s ek A1 eða A3
 28-29,7 megarið/ sek A1 A2 A3
 50-54 megarið/ sek A1 A2 A3
 144-148 megarið/ sek A1 A2 A3
 220-225 megarið/ sek A1 A2 A3
 440-450 megarið/ sek A1 A2 A3

7.gr.

1. Einungis þau viðskipti eru leyfð sem fjalla um tilraunirnar sjálfar svo og þýðingarlitil persónuleg málefni o.þ., sem annars eru ekki send í skeytum eða símtölum

2. Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða að taka á móti beint eða óbeint tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verslunartilkynningum eða á nokkurn hátt sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku, má hvorki skrifa það, segja það, eða notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu. Öll sending til skemmtunar, fræðsluauklýsinga eða áróðurs eða því um líkt er bönnuð, hvort það á sér upptök í stöðinni sjálfri, eða móttekið frá öðrum.

3. Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sendingu eða gabb-neyðarmerkja, neyðarkalla eða

annarra tilkynningu í blekkingarskyni eigi sér ekki stað um tæki hans.

4. Það er bannað að hafa eða að reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum þar sem slík viðskipti eru ekki leyfð.

5. Stöðin má ekki trufla önnur radíóviðskipti eða starfsemi opinberra stofnana, þar með talið Íslenska Ríkisútvarpið. Kostnað við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur um er að ræða nauðsynlegar breytingar á sendinum eða stöðinni sem trufluð er.

8.gr. Við stöðina skal halda dagbók, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er, á morsi og eða á tali og yfirleitt allt sem gildi hefur, til dæmis um notkun sendis. Innan 1. febrúar hvers árs skal handhafi sendileyfis senda símamálastjórninni stutta greinargerð um, hvernig stöðin hefur verið notuð á undanfögnu ári. Hann er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar sem Símamálastjórnin kynni að æskja varðandi rekstur stöðvarinnar.

9.gr. Ef radíó-áhugamaður fær einhvern grun um, að stöð sem hann hlusta á hafi ólögleg viðskipti ber honum skylda til að tilkynna Símamála-stjórninni og félagsskap sínum það tafarlaust og eftir því sem hægt er að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna Símamálastjórninni árangurinn af rannsókn sinni.

10.gr. Sendinn má aðeins nota, þar sem tilgreint er í leyfisbréfinu. Eftirlitsmenn Símamálastjórnarinnar geta, hvenær sem er skoðað stöðina og radíóefni það sem áhugamaður hefur fengið í tilraunaskyni.

11.gr. Fyrir morse-leyfi, tal-leyfi eða smíða-leyfi skal greiða kr 100.00 í leyfisgjald fyrir fyrsta leyfið en kr. 50.00, fyrir hvert hinna fyrir hvert almanaks-ár eða brot úr því. Leyfisgjald skal greiða án kröfu fyrir 1.apríl hvers árs. Ekki er krafist leyfisgjalds fyrir hlustunarleyfi.

12.gr. Þegar Símamálastjórnin telur það nauðsynlegt, getur hún lokað stöðinni alveg, eða takmarkað notkun hennar og einnig getur hún afturkallað leyfið. Greidd leyfisgjöld verða ekki endurgreidd.

13.gr. Skilyrðin fyrir leyfinu getur Símamálastjórnin breytt hvenær sem er, án þess að semja þurfi nýjar reglur í heild.

14.gr. Leyfið fellur fyrirvaralaust úr gildi ef;

a) um brot á reglum er að ræða,

b) handhafi leyfis hættir að vera íslenskur ríkisborgari,

- c) leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma,
d) leyfishafi greiðir ekki útvarpsafnotagjald

sitt.

15.gr. Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafist að afhenda ríkinu umráð yfir radióefni sínu eða láta innsigla það.

16.gr. Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr.30, 27. júní 1941 um fjarskipti sbr. 4.gr. reglugerðar frá 9.maí, 1942 um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

Svona var nú það.

Ég vona að þið hafið haft einhverja ánægju af þessu og vonandi er einhver á meðal okkar sem tekur sig til og skrifar sögu ÍRA áður en það verður of seint og þeir fallnir frá sem kunna að segja frá gömlum tímum.

73's de TF3HP

CQWW CW 97 úrslit

EUROPE Multi-Operator Multi-Transmitter

1. OH2HE 12,140,675 stig
2. DF0HQ 12,036,354 stig
3. EA6IB 10,580,839 stig
4. SL3ZV 10,498,326 stig
5. TF3IRA 10,358,889 stig
6. HG6N 10,295,646 stig

Heimild TF3DC

Auglýsing frá stjórn

Stjórn ÍRA auglýsir eftir hverskyns efni og gögnum er tengjast starfi og sögu ÍRA frá liðnum árum.

Eins og fram hefur komið bauð Borgarskjallasafn Reykjavíkur félaginu að skrá og vista gögn félagsins og er þetta kærkomið tækifæri til að hafa öruggt og aðgengilegt það sem að sögu okkar lýtur.

Þetta á við bæði um skrifað mál og myndefni. Hafi menn einhver gögn í sínum fórum sem ekki hafa verið í eigu félagsins, en tengjast sögu þess eða starfi, s.s. myndir af uppákomum er kærkomið að fá af því frumrit eða afrit.

40m. í framtíðinni

Við höfum oft nefnt það mikla starf sem unnið er til að fá stærra tíðnisvið fyrir 40 metra bandið. Málið var tekið fyrir á WARC'92, en var þá frestað, sennilega til 1999 eða jafnvel til 2002.

Nú hefur komið í ljós að þessi frestur getur valdið okkur erfiðleikum. Ástæðan er að margir aðilar og þá sérstaklega hernaðaryfirvöld sjá aukna þörf á tíðnum, bæði fyrir beint talsamband og gagnaflutning. Nokkuð er líka um að útvarpsstöðvar þurfi fleiri tíðnir. Það virðist sem slíkum kröfum fari fjölgandi eftir því sem tíminn líður og þróunin í tækjabúnaði er örari.

Sennilegt er að NATO muni setja fram kröfur um 1,5 til 3 MHz á tíðnisviðinu undir 8 MHz. Þar að auki getum við búist við svipuðum kröfum frá öðrum til dæmis Rússlandi. Svo útlitið er því ekki sem best hvað okkar kröfur varðar. Ljósi punkturinn í þessu er að hernaðaryfirvöld hafa smá saman séð að hægt er að nota sama tíðnisvið sem amatörar. Þetta gæti bjargað okkur. Það er nú þrátt fyrir allt betra að hafa bandið með öðrum en ekki að hafa neitt band. Við verðum að vona það besta og að okkar fulltrúum gangi vel í CEPT/ITU. LA5QK.

Þýtt úr Amatørradio, september 1997. LA0BX.

Lykling endurvarpa

Það er mál sem ég hef verið talsvert að velta fyrir mér uppá síðkastið, en það er hversu mikið er um það að sé verið að lykla endurvarpana hjá okkur, án auðkennis í tíma og ótíma. Auðvitað getur það komið fyrir að menn séu það illa staðsettir að þeir nái einstaka sinnum aðeins að lykla endurvarpann, en ekki að móta í gegnum hann. En oftast er ekki held ég það að menn séu að prófa hvort þeir nái í gegnum endurvarpann. Mér finnst engin skotaskuld úr því að menn láti þá vita hvort: "TF3XXX prófar" nú eða ef hann/hún er tilbúin/n að tala við einhvern þá: "TF3XXX hlustar". Með þessu gætum við þá fylgst hvort einhverjir eru að lykla endurvarpann sem eru ekki amatörar eða þá eða um er að ræða einhverja utanaðkomandi trúflun.

E.t.v. finnst einhverjum þetta óþarfa hártoganir, en er ekki CQ TF til þess að koma á framfæri skoðunum félagsmanna?

73 de TF3AO

Fundargerðir stjórnarfunda

Stjórnarfundur í ÍRA haldinn 2. 9. 1998 að Gunnarsbraut 36, og hófst hann kl. 20:30.

Mættir voru TF3HP, TF3TXT, TF3GB, TF3WOT, TF3VST.

0. TF3HP veitti kóladykk.

1. Formaður greindi frá gámhúsi við Háskólann, sem mun vera til sölu, en rætt hefur verið um möguleika á því að félagið komi sér upp varanlegri aðstöðu vegna þeirra hrakhóla sem fyrirsjáanlegir eru þegar Þróttheimar verða aflagðir. TF3HP og TF3VST skoðuðu húsið og voru þeir sammála um að það væri óviðunandi kostur vegna bágs ástands og skemmda.

2. TF3VST gaf skýrslu um stöðu okkar í Þróttheimum.

a. ÍTR er að reyna að losna við húsið, gæti gerst í vetur og þá verður starfsemin flutt í grunnskóla hverfisins og óvíst hvort ÍRA getur fengið aðstöðu þar.

b. Íþróttafélagið Hamar í Hveragerði hefur keypt staurana við knattspyrnuvöllinn og verða þeir fjarlægðir í september. Forsvarsmaður Hamars hefur léð máls á því að hornstaurinn við húsið, sem ber loftnetsgreiðuna, verði skilinn eftir amk. til vors.

c. Borgarskipulag gerir ráð fyrir vegi skammt frá húsinu og mun staurinn að öllu óbreyttu lenda í götukantinum, þeir vísa á embætti gatnamálastjóra.

d. Embætti borgarverkfræðings tekur því vel að leyfa staurnum að standa í vetur og tjáir umsjónarverkfræðingurinn Lech Pajdak okkur að framkvæmdum megi haga þannig að staurinn verði ekki fyrir í vetur.

3. TF3WOT ræðir um fyrirkomulag námskeiða, en hann hefur rætt við TF3HKT um hugsanlegan bréfaskóla fyrir áhugasama á landsbyggðinni. Fundurinn tekur þessu vel og er afráðið að gera tilraun með þetta fyrirkomulag á Norðausturlandi í fyrstu. TF3WOT er falið að fylgja málinu eftir og koma því af stað.

4. Rætt um kynningarmál. Amatörradíó þyrfti að vera sýnilegra en nú er og er rætt um ýmsa möguleika á að komast í blöð og fréttir. Einkanlega er talað um þetta í samhengi við væntanlegt fjarnám á Norðurlandi.

5. TF3HP leggur til að félagið skrifi N6HR, Hillar Raamat bréf með þökkum fyrir stuðning hans og velvilja í garð íslenskra radíóamatöra. Einróma samþykkt.

6. Rætt er um vitahelgina, en allnokkrir félagar fóru þá í Knarrarósvita og héldu uppi fjarskiptastarfsemi. Voru menn á einu máli um að afar vel hefði tekist til, staðurinn skemmtilegur og aðstæður flestar góðar. Ákveðið að senda vitaumsjónarmanninum eintak af QSL kortinu sem notað verður og þakka fyrir afnotin. Auk þess verði sambandið við hann treyst og farið fram á að fá að fara í vitann að ári, en þá verði reynt að fara með enn meira fjölmenni en síðast og efna til fjölskylduhelgi.

7. Rætt um keppnismál, en norræn keppni er í lok september auk viðameiri keppni er líður á haustið. TF3HP falið að safna liði fyrir SSB og TF3GB fyrir CW.

8. Refaveiðar hafa verið ákveðnar 26. sept. og verður það auglýst í CQ-TF sem kemur um miðjan mánuðinn.

Fundi slitið undir miðnætti.

Fundargerð ritaði TF3VST

Stjórnarfundur í ÍRA, haldinn að Gunnarsbraut 36 miðvikudaginn 30. sept. 1998 kl. 21. Allir stjórnarmenn mættir.

1. Rætt um kynningardag á starfsemi radíóamatöra fyrir unglina í Þróttheimum, en vetrarstarfið hófst þar sl. mánudag. Ákveðið að TF3HP ræddi við Ásdísi á fimmtudag og kannaði hennar afstöðu og vilja til málsins.

2. Rætt um kynningarbækling fyrir ÍRA, sem hægt væri að dreifa til þeirra sem óska upplýsinga um starfsemina. TF3VST tók að sér að safna textum, TF3WOT og TF3TXT ætla að setja upp og búa til auglýsingar.

3. Komið hefur fram að íþróttafélagið Hamar í Hveragerði er ekki lengur reiðubúið að afsala sér einum staur við Þróttheimna, sem ber Force 12 loftnetið, til okkar og setja nú það skilyrði að ÍRA skili honum í Hveragerði í vor á sinn kostnað. TF3WOT og TF3TXT lögðu til að honum yrði ekki haldið í vetur með þeim

Framhald á síðu 12.

NorCal 38 Special

Þar sem mikill uppgangur hefur verið í heimasíði í kjölfarið á vaxandi vinsældum QRP er ekki úr vegi að fjalla um eitt af þessum tækjum sem hefur öðlast miklar vinsældir og hefur dálitla sérstöðu á fleiri en einn veg.

Forsaga þessa tækis er sú að Norður Kaliforníu QRP Klúbburinn (NorCal) stóð fyrir hönnunar samkeppni vegna Dayton samkundunnar árið 1996. Þessi keppni var auka angi af árlegri keppni í heimasíði. Tveir sigurvegarar hlutu verðlaun það árið, önnur verðlaunin hlutu loftnets tuner og svo þetta tæki sem er 30 metra sendir/móttakari hannað af snillingi sem heitir Ori Mizrahi-Shalon, AC6AN. NorCal menn hrifust svo af tækinu að ákveðið var að markaðssetja það sem "kit" og þar sem þetta er ekki gert í þeim tilgangi að græða peninga (sem er mjög ólíkt amerískum hugsunarhætti) var kittið selt á kostnaðarverði sem var US\$25 sem er langt innan við Íkr. 2000. Vin-sældirnar létu ekki á sér standa og áður en yfir lauk höfðu um 2000 kitt selst og var þá ákveðið að hætta. Þetta tæki er nú til á almennum markaði í dálítið öðru formi sem Magnum 44.



Nafnið er þannig til komið að tækið er gert fyrir 30 metra bandið sem er ekki mjög mikið notað, gott að vera þar vegna þess að jafnvel í U.S.A. (United States of Amplifiers) eru menn takmarkaðir við 250 W sendiorku. Áttan í 38 er vegna þess að allt tækið, í sinni grunn mynd, gengur fyrir 8 Volta spennu. Special kemur af því hversu sérstök hönnunin er og er ekki notaður nema einn transistor í öllu gangverkinu, einnig er þetta kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja prófa sínar hugmyndir og gera breytingar.

38S er venjulegur Superhet í sinni einföldustu mynd og færir sér í nyt tvær NE602 örrásir. Eitt það fyrsta sem maður rekur augun í þegar litið er á teikningu af 38S að ekki er nema einn transistor í öllu tækinu

og er sendi hlutinn "TTL buffer" sem er að hluta til líka notaður í annað, verður talað um það seinna. Ekki er ætlunin að kafa djúpt í innviði 38S, heldur stikla á stóru og skal þeim sem hafa áhuga og aðgang að internetinu bent á vefsíðu NorCal sem er <http://www.fix.net/norcal.html> og er þar hægt að finna teikningu af 38S ásamt mörgum af þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Móttakara inngangurinn notar tvær 1N4007 díóður til þess að skipta á milli móttöku og sendingar. Gert er ráð fyrir að notað sé 1k ohm stillanlegt viðnám

(pottur) til þess að deyfa sterk merki frá loftneti þar sem ekki er neitt AGC. Þetta stilliviðnám gegnir auk þessa líka hlutverki styrkstillis. Í inngangs rásinni er síðan spennir til að aðlaga hátt inngangs viðnám mixersins að 50 ohma viðnámi loftnetsins. 10.1 MHz merki sem kemur inn frá loftneti er blandað 22.1 MHz merki frá VXO sveifluvakanum, VXO er skammstöfun fyrir kristal sveifluvaka sem hægt er að færa til á tíðni, VXO-Variable Xtal Oscillator. IF eða millitíðnin er því 12 MHz. Sveifluvakinn (VXO) eins og áður er sagt er 22.1

MHz sem er algeng kristal tíðni, en allir íhlutir 38S eru algengir og auðfáanlegir. Ástæðan fyrir því að hafa sveifluvakann millitíðninni hærri en inngangsmerkið er einfaldlega sú að hægt er að hnika kristalnum til um fleiri KHz ef hann er á hærri tíðni. Sveifluvakinn er Colpitts þó svo að það sé ekki augljóst í fljótu bragði, til þess að hægt sé að hnika kristallnum til er nauðsynlegt að Q-ið sé ekki of hátt (á kostnað stöðugleika). Í 38S er notuð bakspennt 1N4007 díóða í hliðtengingu við 22.1 kristallinn til að ná fram nauðsynlegu tíðnisviði. Þetta var breytilegt eftir díóðum en undirritaður náði 23 kHz sem er alveg passlegt þe. 10.100 MHz til 10.123 MHz. Breytileg bakspennan sem díóðan sér er fengin frá stillanlegu viðnámi (tíðnival) sem tengt er 8 voltum. Millitíðni sían er ekki nema einn kristall (12 MHz) og er bandbreiddin helst til mikil en er bætt fyrir það í hljóðmagnaranum. Undirritaður

hefur teikningu af 500 Hz síu sem pláss er fyrir á prentplötunni og er það eitt af mörgum vetrar verkefnum sem bíða þess að tími gefist til. Skynjarinn (product detector) er seinni NE602 rásin sem er líka notuð sem mixer í sendi hluta tækisins, sjá teikningu á NorCal vefsíðu. Algeng rás er 4066

sem er venjulega notuð í rökrásum og er hér notuð til að skipta á milli hluta í tækinu eftir því hvort verið er að senda eða hlusta, þessi rás er venjulega í hlutverki “multi-plexer” og gegnir hér því hlutverki segulrofa. Hljóðmagnarinn er af tegundinni NE5532A sem er tvöfaldur aðgerðar magnari er

einnig hafður sem “band pass” sía með ca. 60dB mögnun. Bandbreidd er um 50 Hz -6dB og 400 Hz við 30dB, aflið er nóg til að drífa létt vasa diskó heyrnartól. Sendihlutinn er einstakur að mörgu og er skynjara rásin, NE602 notuð sem mixer í sendingu, eini transistorinn í tækinu er notaður til að gefa sendi merkinu frá NE602 skynjara rásinni, aukið afl til að drífa útganginn sem eru fimm “buffer” hlutar í hliðtengingu. Sendi orkan er u.þ.b. 400 mW (RF), hægt væri að keyra þetta hærra en þá minnkar líftíminn vegna þess að ekki er gert ráð fyrir kælingu. Útgangssían er af venjulegri gerð til að deyfja óæskilegar yfir-sveiflur, undirritaður gerði ýmsar breytingar til bóta til

ad losna við truflanir frá stuttbylgju stöðvum því merki sem tekið er á móti kemur líka inn um þessa síu. “Sidetone” er tónn sem er til þess gerður að maður viti hvað maður er að senda og í 38S eru tveir ónotaðir hlutar sendi útgangsrásar notaðir sem sveiflufvaki í þessum tilgangi og hljóma bara

þokkalega eftir að hljóðmagnarinn hefur lagað þetta til. Einfalt er að stilla 38S eftir að búið er að smíða hann og ekki hefur komið neinn reykur að ráði. Fyrri stillið er breytilegur þéttir í inngangs rás móttöku hlutans sem er stillt á mest suð í heyrnartólunum, það seinna er í sendi hlutanum og er stillt svo sendi

tónninn sé sem bestur ef hlustað er á annan móttakara.

Undirritaður gerði ýmsar breytingar á sínum 38S og skal helstar telja að ekki er “RF Gain” og smíðaður var auka hljóð magnari þar sem ekki þótti nóg mikill hljómur í heyrnartólunum. Útgangssían var gerð

þrengri þar sem truflanir frá stuttbylgju sendum voru töluverðar í móttöku. Tækið var sett í Móthald kassa úr þykku plasti frá Radio Shack og auk þess var settur lykleri, TiCK II, frá Embedded Research sem er 8 pinna rás og kostar ekki nema US\$10 (sjá NorCal vefsíðu) með 25 stafa mynni. Þessi rás er alveg frábær og verður sett í öll tæki sem verða notuð á morsi á þessum bæ, hefur jafnvel tóngjafann innbyggðan (side-tone). Ekki þótti nóg gott að hafa aðeins 400 mW svo bætt var við 5 Watta útgangs rás en besta hlutfall útgangsortu og straumtöku var rétt undir þremur Wöttum (2.8 W) svo þar var við látið sitja og hefur reynst mjög viðunandi.

Mikil umræða um 38S var á internetinu en mesta umræðan snerist að vandamáli sem var mjög hár smellur er heyrðist þegar lyklað var og virtist vera þegar lyklinum var lyft þ.e.. endinn á strik eða punkti. Undirritaður fann lausn á þessu með því að setja FET



transistor í hljóðrásina sem rofa með smá seinkun

sem var nokkrar millisekúndur en nóg til að opna ekki fyrir hljóðið til hljóðmagnarans fyrr en smellurinn var yfirstaðinn. Þetta olli miklum umræðum og varði undirritaður mörgum og löngum dögum í að svara rafpósti og endaði þetta með að samin var fimm skrefa leiðbeining hvernig að þessu væri staðið og hefur undirritaður hitt amatöra í loftinu sem þekktu kallmerkið/nafnið og þökkðu fyrir leiðbeiningarnar og betri þökk er ekki hægt að hugsa sér.

Það er varla hægt að hugsa sér betri græju til að hafa með sér þegar farið er í útilegu og eru 30 metrar yfirleitt opnir mestallan sólarhringinn og eitthvað um að vera sérstaklega þegar keppnir (contest) eru í gangi á hefðbundnu tíðnunum. 38S undirritaðs hefur reynst afburða vel og er móttakarin mjög næmur og heyrir merki sem eru um og innan við 0.1 uV. Loftnetið sem er notað í útilegum er stytur dípóll búin til úr 300 ohm tvíleiðara, sjá ARRL Handbók 1994 bls 33-14. Það fer ekki mikið fyrir heilli HF stöð eins og sjá má á mynd 1. en lykillinn er Vibroplex og er heldur þungur ef fara á langt, heyrnartólin eru ódýr vasadískó tól sem fundust á útsölu, rafhlaðan er 12 Volt 6 Amper stundir og endist lengi ef haft er í huga að 38S dregur u.þ.b. 32 mA í móttöku og um 0.75 Amper í sendingu og

þar sem þetta er CW þá er sendi tíminn (duty cycle) ekki það langur.

Fyrir tveimur árum er undirritaður var á ferðinni um Ísland og tengdist 38S Olgu, blessuð sé minning hennar, og var kallað CQ, var strax svarað frá Ítalíu og var RST 579 ef mynnið svíkur ekki. Myndir 2 og 3 sýna 38S í sitt hvorri útilegunni en lengsta samband sem haft hefur verið er frá Calgary (grid DO21) til Tonga, A35 sem er rúmlega 10.000 km. Þetta litla "kitt" hefur svo sannarlega verið mikill gleðibrunnur og er ekki búinn að syngja sitt síðasta og er orðinn fastur liður á tékk listanum þegar farið er í útilegur og á mannamót eins og til dæmis 17 júní í Markerville þar sem hann Stefán G. blessaður Klettafjalla skáld bjó hér á árum áður.

Oft er það að sá sem er á hinum endanum á QSÓ-inu trúir varla að maður sé QRP. Loftnetið hefur ca. 300 kHz bandbreidd og fer ekki út úr bandinu þó að því sé fleygt yfir tré eða jafnvel lagt á jörðina.

Í þeirri von að einhver hafi haft af þessu gagn eða gaman.

Bestu kveðjur úr vesturheimi
73 de Níels J. Kristjánsson
VE6NJK/TF3NJ

Vinsældir ýmissa contesta

Class A - Alheims contestar: yfir 1000 loggar

CQWW SSB 3482 loggar (1997)
CQWW CW 3274 loggar (1997)
ARRL DX 3142 loggar CW+SSB til samans (1996)
CQ WPX SSB 1600-1800 loggar.
IARU Championship 1503 loggar (1997)
CQ WPX CW 1200-1400 loggar.
ARRL 10M 1006 loggar (1998)
RSGB IOTA áætlað 1000 loggar (1998)

Class B - contestar sem beint er að áhveðnum álfum eða aðrir contesta með: 500-1000 logga.

WAE (1996) 960 loggar, (CW = 495 loggar, SSB=465 loggar). Til viðbótar 141 RTTY loggar.
UBA (1997) 900 loggar, CW+SSB til samans.
SAC (1997) 797 loggar (CW=485 logs, SSB=312 loggar)

PACC (1997) 776 loggar mótteknir, þar af 291 innanlands.

ARI International DX Contest 1997 = 700 loggar mótteknir

Class C - contestar sem beint er að áhveðnum löndum eða aðrir contestar með minna en 500 logga.

VK/ZL (1995): 263 loggar , 151 CW loggar og 112 SSB loggar.

EU Championship by Slovenia (1996) 287 loggar. (SSB+CW+check loggar samtals)

Croatian CW Contest (1997): 196 loggar, 167 loggar + 29 innlendir þátttakendur.

EU Sprint (1997) SSB 91 loggar, CW 88 loggar
NRAU (1996) about 120 loggar.

Heimild TF3DC

Ræðan sem ekki var flutt í hófi Landssímans þann 24.11.1998

Ágæta stjórn Landssíma Íslands, Wany Green og félagar í ÍRA. Það er mér sönn ánægja að standa hér og þakka fyrir þessa ánægjulegu kvöldstund.

Þegar undirbúningur að þessu hófst með bréfi Wany Green kom upp sú hugmynd að gera eitthvað meira en að bara hitta hann og hlusta á fyrirlesturinn sem hann hafði boðið okkur. Og eftir

samtal mitt við Jón Þórodd kom það til tals á milli okkar að gera þetta í minningu Þorsteins Gunnlaugs Gíslasonar TF6IG en hann var virkur amatör á Seyðisfirði. Þorsteinn hafði áður verið sá sem fyrstur smíðaði radiósendi hér á landi en það gerði hann

ásamt Arinbirni skrifstofustjóra árið 1913 Þorsteinn hafði þá nokkrum árum áður lokið prófi hjá hinu Mikla norræna ritsímafélagi og þannig komist í snertingu við þann heim sem við radióamatörar í dag teljum sjálf-

sagðan. Að geta farið út í næstu íhlotabúð og fengið það sem okkur vanhagar um. Þessi sendir Þorsteins og Arinbjarnar var einfaldur neistasendir en til þess að gera eftirvafið, sem krafðist mun grennri vírs en á forvafinu, þurfti að draga það sem kallað var og hefur það vafalaust komið sér vel fyrir Þorstein að hann var sonur gullsmiðs.



Frá hófi Landssíma Íslands. Myndina tók TF3TXT



Stjórn ÍRA við afhendingu Collins tækjanna. Myndina á TF3TXT

prófi á þeirra vegum. Eftir frekara nám og störf hjá þessu félagi gerðist Þorsteinn 1929 Umdæmisstjóri á Seyðisfirði og gegndi þeirri stöðu til 1930 er hann

gerðist Póstmeistari á Seyðisfirði en þeirri stöðu gegndi hann til rúmlega sjötugs og var það skoðun manna þar fyrir austan að gjarnan hefði hann mátt vera lengur.

Eftir að Þorsteinn hætti störfum færði Póstur og Sími honum Collins tæki til afnota sem amatörstöð. Eftir dauða Þorsteins 01.02 1969 fóru þessi tæki aftur suður til Reykjavíkur og til ÍRA skömmu síðar og á skildi sem fylgir tækjunum stendur “Afhent IRA til

minningar um Þorstein Gíslason”. Nú á þessu tímamótum þegar Fjarskiptasafn Landssíma Íslands hefur opnað með þeim glæsibrag sem við sáum hér í dag langar okkur að afhenda safninu þessi tæki.

Í minningu Þorsteins afhendi ég þessi tæki til varðveislu í Fjarskiptasafni Landssímans þar sem ég vona að þau verði höfð frammi og fólki gefist kostur á að sjá þau.

73 de TF3HP

Þorsteinn var fæddur 02.12 1887 á Seyðisfirði og hóf störf hjá Mikla norræna 1906 er hann hafði lokið

Frá Formanni

Haustmánuðirnir hafa verið frekar rólegir hjá okkur í félaginu ef undanskyldir eru “contestar” í nóvember og því umstangi sem því fylgir. Uppsetningar á loftnetum eða lagfæringar á þeim sem voru fyrir.

Eins og ykkur er kunnugt urðum við að flytja stóra loftnetið vegna þess að staurarnir voru seldir. Það gekk fljótt og vel fyrir sig en þeir hjá Reykjavíkurborg voru ekkert að tvínóna við málið heldur teiknuðu mastrið inn á húsateikninguna og það fékkst síðan samþykkt hjá byggingarfulltrúanum þannig að þessi staðsetning er ekki síðri en hin.



Próttheimar. Myndina tók TF3TXT

Ennfremur hefur bæst við 5 banda loftnet GP sem var sett upp á þakið fyrir ofan stöðina þannig að kapallinn er eins stuttur og hægt er og þá vantar aðeins net fyrir 160 metrana.

Í síðustu “contestum” hafa náðst yfir 1500 sambönd og er það að ég held nokkuð viðunandi árangur þegar þess er gætt hversu uppteknir félagsmenn eru til þess að geta tekið þátt í slíku. Við verðum að reyna að fá einhverja eða eitthvað fyrirtæki til þess að styrkja okkur í prentun á QSL kortunum því kostnaður við þau getur orðið hár ef við sendum 100% sem mér finnst að félagsstöðin verði að gera. Hillar sá um að prenta kort fyrir IARU keppnina okkur alveg að kostnaðarlausu og að auki gaf hann

okkur um 500 kort sem voru afgang.

Heimsókn ritstjóra amatörsblaðsins '73. Nokkra daga í síðasta mánuði, 24. 25 og 26, kom hingað W1NSD/1 WAYNE GREEN ásamt konu sinni. Landsími Íslands bauð honum ásamt félögum ÍRA til þess að skoða hið nýja Fjarskiptaminjasafn Landsímans í gamla húsinu á melunum. Um 40 félagar sáu sér fært að þiggja þetta einstæða boð Landsímans sem síðar um kvöldið bauð okkur til móttöku í salarkynnum sínum við Austurvöll. Þar var Wayne Green aðalræðumaður og fjallaði hann

um það þegar
R ú s s a r
björguðu því
fyrir horn að
tíðnisvið okkar
h é l d u s t
óbreytt.

Húsnæðismál okkar eru sem fyrr alveg í lausu lofti og allt á huldu hvað þau snertir.

Ef við fáum kennara á námskeið nú eftir áramótin höldum við

námskeið væntanlega bæði fyrir nýliða og einnig fyrir A/T próf þó nokkrir hafa lýst yfir áhuga á að njóta kennslu og síðan að taka próf.

Að endingu óska ég ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og hvet ykkur til að koma í Próttheima og nýta ykkur þessa frábæru aðstöðu, á meðan hún gefst.

73 de TF3HP

Fundargerðir stjórnarfunda frh.

óvissuþætti, m.a. hvað kostnað varðaði, sem niðurtaka yrði. Taldi TF3TXT það fagnaðar-efni að við þyrftum ekki sjálfir að taka staurinn niður heldur gætum aflagt hann strax. TF3HP mælti með því að honum yrði haldið í vetur og reynt að ráða framúr niðurtöku og flutningi í vor, en sú skoðun hlaut ekki brautargengi. Var því afráðið að forða loftnetinu á fimmtudag og sjá til hvaða möguleikar yrðu með uppsetningu á einhverjum loftnetum til vetrarins.

4. TF3VST hefur rætt við TF3KB um morsekennsluspólur og veitti Kristján góðfúslegt leyfi sitt fyrir að þær mætti fjölfalda fyrir félagið til þess að útbúa kennslupakka fyrir morsesjálfsnám.

Fundi var slitið um kl. 23

Fundargerð ritaði TF3VST

Stjórnarfundur haldinn 4. 11. 1998 að Gunnars-braut 36 hófst kl. 21:00

Mættir voru TF3HP, TF3VST, TF3TXT og TF3GB. TF3WOT átti ekki heimangengt.

1. Rætt um starfið á næstunni. TF3TXT upplýsti að hann hefði fengið aðgang að sýningu fagfélaga rafiðna á Vatnsenda, en þar eru sýnd ýmis gömul og ný tæki er tengjast útvarps- og hljómflutnings-tækni. Tekið verður á móti okkur kl. 14. sunnudaginn 22. þm. Ákveðið að senda bréf til félagsmanna um dagskrá mánaðarins:

14. Loftnetsuppsetning í Þróttheimum

22. Vatnsendaferð

24. Fyrirlestur með Wayne Green

28.-29. CQ WW CW

2. TF5BW kallar á efni í blaðið. Ákveðið að auglýsa eftir efni og gögnum er tengjast félaginu, sem ætti að fara á borgarskjallasafn.

3. Rætt um tilhögun við móttöku á Wayne Green og XYL. TF3HP tekur að sér að taka á móti þeim og sinna meðan á dvöl þeirra stendur, eins og þörf er á.

4. Rætt um útgáfu á ýmsu er tengist ímynd Í.R.A. s.s. fána, taumerki og þ.u.l. Sýndi TF3HP útsaumað merki félagsins, gert í tölvustýrðri saumavél, og mætti fá slík merki fyrir 200 kr. Ákv. að athuga betur möguleika á slíku.

5. TF3OKT hafði vakið máls á því í

samræðum við stjórnarmenn hvort ekki mætti hafa formlegri vinnukvöld eða helgar en verið hefur og taka þá fyrir ákveðin efni, með fyrirlestrum, umræðum og síðan smíðum, td. loftnets-gerð osfrv. Var ákveðið að athuga þetta eftir áramót og reyna að setja eitthvað í gang. Einnig rætt hvort ætti ekki að endurvekja PÍRA.

6. Rætt um nýliðanám, en ljóst er að þeir sem hafa uppfrætt nýliða síðastliðna áratugi eru afar önnur kafnir og ekki tiltækir. Ákveðið að hafa samband við félagið af eldri kynslóðinni og leita liðsinnis þeirra. Í framhaldi af því væri rétt að freista þess að koma upp neti leiðbeinenda (e. elmer program), sem gætu tekið að sér að vera til stuðnings og mætti þá miðla því eftir aðstæðum hverju sinni.

7. Rætt um möguleika á tekjuöflun Í.R.A. umfram það sem árgjöld gefa af sér, en ljóst er að nokkuð vantar á að tekist hafi að fjármagna kaupin á FT1000 stöðinni til að standa TF3WOT skil. Ýmsar hugmyndir voru reifaðar sem þarf að skoða betur.

Fundi var slitið um kl. 24:00

Fundargerð ritaði TF3VST

ARRL Handbók 1999

TF3VST hefur borist boð frá bandarískri bókaverslun um magnkaup á **ARRL handbókinni 1999**.

Verðið er 23 USD og þegar flutningskost-naður og virðisaukaskattur hefur bæst við það standa vonir til að eintakið fari ekki yfir 2.500 krónur.

Bókin fæst einnig á geisladiski og kostar þannig 39 USD +póst og vsk. Vert er að taka fram að handbókin hefur breyst mikið undanfarið og má segja að eigi menn ekki yngri en 5 ára bók er vert að fá sér nýtt eintak. VST hefur undir hönum bóka-lista frá sömu verslun með nokkur hundruð radíó-efnistengdum bókum sem menn geta komist í.


Þeir sem hafa áhuga tali við Vilhjálm Sigurjóns-son, TF3VST, e-mail vilhj@vortex.is eða í síma 564 1292 og tekur hann við pöntunum.

Ath. greiða þarf 2500 kr. við pöntun og síðan verður lokakuppgjör við afhendingu.

“The C3RJV Six Pack”

Fyrir þá sem vilja fíkra sig áfram í smíðaverkefnum er komið á markað alveg frábært sett, hannað af þeim fræga séra George Dobbs, G3RJV. Settið er kallað “The G3RJV Six Pack” vegna þess að það er prentplata með 6 mismunandi verkefnum. Þetta er gert í sparnaðarskini, bara ein plata er hönnuð

THE PLUG AND PLAY TRANSMITTER




og framleidd, en síðan er hún brotin í 6 parts, misstóra.

Verkefnin sem á henni eru:

1. Sendir (The plug and play transmitter) með góðri lágheypisú. Hann er krystalstýrður (VXO), með loftnetsrofa fyrir “full break-in”. Íhlutirnir sem fylgja henta fyrir 40m bylgju, en leiðbeiningar fyrir 3,5; 7; 10 og 14 MHz uppsetningu eru með. Sendiaflið er um 1W.

THE QUICK RECEIVER



2. Móttakari (The Quick Receiver). Hann er afar einfaldur og þarf bæði sveiflufvaka og hljóðmagnara að auki. Með honum er teikning af bandhleypisú fyrir betri aðgreiningu.

3. Standbylgjumælir með ljósdíóðu í stað mælis. Afar einföld smíði og skemmtileg sem byggist upp á Wheatstone brú. Þegar allir armar hennar standa í 50W fer enginn straumur um díóðuna, en hún þarf ekki nema 10 mA til að byrja að lýsa.

4. RF-própa. Afar einföld smíði á nauðsynlegu tæki


fyrir alla amatöra sem smíða eitthvað sjálfir, tvær silikon díóður og 2 þéttar; krókódílskjafur fyrir jarðsambandið er allt sem þarf.

5. Spennumælir. Bráðskemmtilegt og einfalt tæki, 10 ljósdíóður og ein LM3914 samrás. Tvö stilliviðnám kvarða rásina þ.e. minnsta gildi og mesta; díóðurnar kvikna síðan í hlutfalli þar á milli. T.d. má setja minnsta gildi 10V og mesta 14.5, þá kviknar á díóðu á 0,5 V bili.

6. Krystallaprufutæki. Nauðsynlegt ef maður á handfylli af ómerktum krystöllum, eins og margir amatörar. Þetta er einfaldur sveiflufvaki með tveimur transistorum. Krystallin er settur í rásina, straumur settur á með rofa og ef krystallin er í lagi kviknar á ljósdíóðu, annars ekki. Útgangur er fyrir tíðniteljara.

Góðar leiðbeiningar koma með, bæði ígildisteikningar og afstöðumyndir íhlutanna. Allir íhlutir fylgja, en ekki neinir kassar eða slíkt. Og verðið er fínt, hingað komið með flutningskostnaði og virðisaukaskatti fer það ekki yfir 5000 krónur. Dick Pascoe, G0BPS, hjá Kanga í Bretlandi selur settið, og ef menn eru félagar í G-QRP klúbbnum er afsláttur (ég held að hann sé meiri en árgjaldið í

XCHECK - SURPLUS CRYSTAL CHECKER



klúbbnum).

Það má hafa samband við Kanga sem hér segir: Kanga Products, Seaview House, Crete Road East, Folkestone Kent. CT18 7EG. UK Sími: 0044 303 891106 kl. 09301900 miðvikudaga-laugardaga. Email Sales@kanga.demon.co.uk

Dagsetningar nokkra contesta

Contest	Helgi/Mán	Klt	Contest	Helgi/Mán	Klt
ARRL RTTY Roundup	1/Jan.	24/30	ARI A. VOLTA RTTY Contest	2/Maí	24
AGCW-DL QRP CW Vinter Contest	1/Jan.	15	Massachusetts QSO Party	2/Maí	30
Michigan QRP Club CW Contest	1/Jan.	36	Nevada State QSO Party	2/Maí	48
LIONS On-the-air CW Contest	1/Jan.	36	Danish SSTV Contest	2/Maí	48
JA Int'l CW Contest (160,80,40)	2/Jan.	48	Michigan State QSO Party	2/Maí	24
LIONS On-the-air SSB Contest	2/Jan.	36	ARAL DX Contest	4/Maí	14
HA DX CW Contest	3/Jan.	24	CQ WW WPX CW Contest	Síðasta/Maí	48
CQ WW DX 160m CW Contest	4/Jan.	42	RSGB National Field Day	1/Júní	24
ARRL VHF Sweepstakes	4/Jan.	33	Portugal Day Contest	1/Júní	24
REF CW Contest	4/Jan.	36	ANARTS WW RTTY Contest	2/Júní	48
U.B.A. SSB Contest	4/Jan.	24	All Asian CW Contest	3/Júní	48
ARRL Novice Round-Up	4/Jan.-1/Feb.	--	SMIRK 50 MHz QSO Party	3/Júní	48
YL-ISSB CW QSO Party	1/Feb.	48	ARRL Field Day	4/Júní	27
Vermont State QSO Party	1/Feb.	24	R.A.C: Canada Day Contest	1/Júlí	24
Maine State QSO Party	1/Feb.	48	IARU HF Championship SSB-CW	2/Júlí	24
QCWA QSO Party-CW	1/Feb.	25	ARCI QRP Summer Hombr. Sprint-CW2	Júlí	4
Classic Radio Exchange	1/Feb.	48	SEANET CW Contest	3/Júlí	48
Uta 160m Challenge	2/Feb.	48	AGCW-DL QRP CW Summer Contest	3/Júlí	24
EA RTTY Contest	2/Feb.	24	RSGB IOTA HF Contest	4/Júlí	24
Dutch "PACC" Contest	2/Feb.	24	YO DX HF Contest	1/Ágúst	20
YLRL YL-OM SSB Contest	2/Feb.	24	WAE CW Contest	2/Ágúst	36
New Hampshire QSO Party	2/Feb.	18	Maryland-D.C. QSO Party	2/Ágúst	19
ARRL DX CW Contest	3/Feb.	48	SARGT WW RTTY Contest	3/Ágúst	24
YLRL YL-OM CW Contest	4/Feb.	24	SEANET SSB Contest	3/Ágúst	48
CQ WW DX 160m SSB Contest	4/Feb.	42	New Jersey State QSO Party	3/Ágúst	17
REF SSB Contest	4/Feb.	36	Empire State (N.Y.) QSO Party	4/Ágúst	30
RSGB 7 MHz Contest	4/Feb.	18	LZ DX Contest	1/Sept.	48
North Dakota QSO Party	4/Feb.	24	All-Asian SSB Contest	1/Sept.	48
U.B.A. CW Contest	4/Feb.	24	WAE DARC SSB Contest	2/Sept.	36
ARRL DX SSB Contest	1/Mar.	48	Montana State QSO Party	2/Sept.	48
YL-ISSB SSB QSO Party	2/Mar.	48	Scandinavian CW Contest	3/Sept.	27
QCWA QSO Party-SSB	2/Mar.	25	CQ WW RTTY Contest	4/Sept.	48
Wisconsin State QSO Party	2/Mar.	7	Scandinavian SSB Contest	4/Sept.	27
Bermuda Contest	3/Mar.	48	Washington State Salmon Run	4/Sept.	31
CLARA HF Contest	3/Mar.	24	Classic Radio Exchange	4/Sept.	48
Virginia State QSO Party	3/Mar.	32	VK/ZL SSB DX Contest	1/Okt.	24
BARGT Spring RTTY Contest	3/Mar.	30	California QSO Party (CQP)	1/Okt.	30
CQ WW WPX SSB Contest	Síðasta/Mar.	48	VK/ZL CW DX Contest	2/Okt.	24
Poisson d'Arvil Contest	1/Apr.	--	Illinois State QSO Party	2/Okt.	8
ARCI QRP CW Spring QSO Party	1/Apr.	24	Iberoamericano SSB Contest	2/Okt.	24
SP DX Contest	1/Apr.	36	YLRL CW Anniversary Party	2/Okt.	24
JA Int'l CW contest (20,15,10M)	2/Apr.	48	RSGB 21 MHz CW Contest	3/Okt.	14
Yuri Gagarin Cup-CW	2/Apr.	24	ARCI QRP CW Contest	3/Okt.	36
Holyland DX Contest SSB;CW	2/Apr.	24	W.A.G. Worked all Germany	3/Okt.	24
SARGT AMTOR Contest	3/Apr.	24	All Asian SSB Contest	4/Okt.	48
QST QSO Award Party	3/Apr.	24	YLRL SSB QSO Party	4/Okt.	24
Connecticut QSO Party	3/Apr.	28	CQ WW DX Phone Contest	Síðasta/Okt.	48
MARAC SSB County Hunters Contest	3/Apr.	48	ARRL Sweepstakes CW	1/Nóv.	24/30
Swiss HELVETIA Contest ssb, cw	4/Apr.	24	JA Int'l DX SSB Contest	1/Nóv.	48
Georgia QSO Party	4/Apr.	28	OK DX Contest	2/Nóv.	24
ARI Int'l DX Contest	1/Maí	24	WAE DARC RTTY Contest	2/Nóv.	36
MARAC CW County Hunters Contest	1/Maí	48	ARRL EME Contest	2/Nóv.	48
Texas State QSO Party	1/Maí	48	ARRL Sweepstakes SSB	3/Nóv.	24/30
Oregon State QSO Party	1/Maí	48	CQ WW DX CW Contest	Síðasta/Nóv.	48
10-X Int'l Spring CW QSO Party	1/Maí	48	ARRL 160m DX Contest	1/Des.	42
CQ-M Contest SSB; CW	2/Maí	24	ARRL 10m DX Contest	2/Des.	36/48

Úr Ýmsum áttum

Vefsíða ÍRA

Rétt eina ferðina hefur vefsíða ÍRA fengið nýtt útlit. Að þessu sinni eru nokkrar nýjungar á síðunni en þar mætti frekast telja fréttasíðu þar sem ætlunin er að setja stuttar tilkynningar um það helsta sem er á döfinni hjá félaginu hverju sinni. Þessi vefsíða okkar hefur fengið ágætar viðtökur og eru heimsóknir á hana orðnar ríflega eitt þúsund síðan í maí á þessu ári. Hugsanlega, í framtíðinni, verður þeim félögum ÍRA sem hafa tölvupóstfang sendar tilkynningar um að það séu nýjar fréttir á vefsíðunni og þá geta þeir skotist á vefsíðuna og séð hvað um er að vera. Slóðin á síðuna er:

<http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html>

Vefstóri ÍRA TF5BW

Til sölu

KENWOOD TS 140 transceiver mjög lítið notaður á kr 40 þús. Einnig 60 watta Motorola VHF magnara 12 Volta svo til ónotaðan á kr 15 Þús. Vacuum þetta 5-500PF 5KV mjög góðir í magnara smíðar á kr 3 þús. stk. ef einhverjir hafa áhuga.

Bjarni Magnússon TF3BM

Dagsetningar nokkra contesta.

Á síðunni hér til vinstri eru dagsetningar nokkra contesta. Þessi listi er að vísu orðin nokkura ára gamall en ætti þó að vera þokkalega réttur. Ef þið sjáið einhverjar villur í þessum lista þá látir ritstjóra vita svo hægt sé að leiðrétta.

Ritstjóri TF5BW

Ný DXCC lönd.

Austral Islands Prefix FO, CQ ZONE 32, ITU Zone 63, Latitude 22' 26", South Longitude 151' 22" West IOTA OC-050, 051, 114, 152 Continent Oceania

Marquesas Islands Prefix FO, CQ ZONE 31, ITU Zone 63, Latitude 8' 55.8", South Longitude 140' 4.9" West IOTA OC-027 Continent Oceania

Temotu (Santa Cruz Islands) Prefix H40, CQ ZONE, 28 ITU Zone 51 Latitude 11'

SouthLongitude 168' Est IOTA OC-065, 100, 163, 178, 179Continent Oceania

Heimild 425 DX News

Veiðimannarás.

Póst og fjarskiptastofnun hefur ákveðið að úthluta einni VHF-rás í þessu skyni: Tíðni: 153.100 MHz

Eftirfarandi sértækar reglur skulu gilda um notkun hennar:

- Ofangreinda rás má setja í allar viðurkenndar talstöðvar, bæði nýjar og notaðar.
- Ísetning rásarinnar er ekki bundin við viðskiptavini Rafagnar.
- Ísetning rásarinnar er háð því að nýtt leyfisbréf verði gefið út.
- Ekki má nota sítón (rásin er hugsuð sem öryggis og neyðarrás)
- Notkun skal vera án móðurstöðvar
- Notkun skal alfarið vera utan þéttbýlis og má ekki notast í rekstri einstakra fyrirtækja.

Að öðru leyti gilda viðeigandi ákvæði reglugerðar um starfrækslu talstöðva í landstöðvaþjónustu í metra- og desimetrabylgjusviðinu um úthlutun þessa, m.a. eftirfarandi: Mesta leyfilegt útgeislað afl farstöðva er 25 wött (með 25 watta sendum er því ekki heimilt að nota stefnuvirk loftnet með mögnun). Þeir einir mega setja upp talstöðvar sem til þess hafa réttindi.

YAESU árið 2000.

Félaginu hefir borist yfirlýsing Yaesu fyrir atbeina Radióþjónustu Siggar Harðar, sem er umboðsaðili þeirra á Íslandi, varðandi vörur þeirra í ljósi vanda tölvubúnaðar árið 2000.

Allmikið er um nýtingu örtölva í Yaesu tækjum og hafa þær verið prófaðar með tilliti til árþúsundaskiptanna.

Engin vandamál eru fyrir sjáanleg varðandi árskiptin í Yaesu tækjum, og eru þá engin tæki frá þeim undanskilin.

Bréf er þetta varðar er í bréfasafni félagsins og geta þeir sem það þurfa fengið af því afrit hjá ritara.

Frá móttöku hjá Landssímanum



Hópmynd frá móttöku hjá Landssímanum Myndina tók TF3TXT

Næsta CQ TF kemur út í byrjun febrúar og þarf efni í það blað að hafa borist ritstjóra fyrir 15. janúar.

Ritstjóri óskar öllum félögum ÍRA gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þakklæti fyrir árið sem er að líða



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

YAESU